



Í ÁTT AÐ INNGILDINGU

VIÐTALSRANNSÓKN MEÐAL ERLENDRA
ÍBÚA Í NORÐURÞINGI



© Þekkingarnet Þingeyinga 2026

Útgefandi: Þekkingarnet Þingeyinga - Hafnarstétt 1-3, 640 Húsavík

Netfang: hac@hac.is

Veffang: www.hac.is

Titill: Í átt að inngildingu: Viðtalsrannsókn meðal erlendra íbúa í Norðurþingi

Höfundar: Ingibjörg Benediktsdóttir og Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umsjón með viðtölum: Ingibjörg Benediktsdóttir og Aðalbjörn Jóhannsson

ISBN: 978-9935-405-75-3

Öll réttindi áskilin. Óheimilt er að afrita skýrsluna, í heild eða að hluta, með nokkrum hætti, s.s. með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða öðrum hætti án skriflegs leyfis útgefanda.





UM VERKEFNIÐ

Þekkingarnet Þingeyinga hlaut árið 2024 styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála til að framkvæma eiginlega rannsókn á reynslu og upplifun innflytjenda í Norðurþingi. Markmið verkefnisins var að afla hagnýtrar þekkingar um stöðu þessa ört stækkandi hóps og skapa traustari grunn fyrir sveitarfélög og stofnanir til að þróa þjónustu og úrræði sem mæta þörfum hans.

Niðurstöður skýrslunnar byggja á 30 viðtölum við innflytjendur af fjölbreyttum uppruna sem bjuggu í Norðurþingi á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Í viðtölunum var sjónum beint að reynslu þeirra af daglegu lífi, aðgengi að opinberri þjónustu og þátttöku í atvinnu- og menningarlífi. Jafnframt var kannað hvaða hindranir hefðu orðið á vegi þeirra og hvaða stuðningur eða úrræði hefðu reynst gagnleg. Lögð er áhersla á að varpa ljósi bæði á þær áskoranir sem snúa að félagslegri samþættingu og jákvæð dæmi og lausnir sem geta nýst víðar. Með þessari nálgun er leitast við að draga upp heildstæða mynd af stöðu og þörfum innflytjenda út frá þeirra eigin sjónarhorni og styðja þannig við stefnumótun og umbætur í þjónustu sveitarfélaga og stofnana.

EFNISYFIRLIT

UM RANNSÓKNINA

Aðferð	3
Helstu hugtök	5
Rannsóknarsvæði	6

MEGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR

Uppruni viðmælenda	7
Aldur og búsetulengd	8
Heimilisaðstæður	9
Menntun og atvinna	10
Atvinnustaða	11
Félagsstarf	12
Íslenskukennsla	13
Sjálfstraust tengt íslensku	14
Upplýsingar	15
Mismunun í samfélaginu	16
Kosningar og áhrif	17
Tenging við nærsamfélagið	20
Aðgengi að þjónustu	21
Gæði þjónustu	22

EIGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR

Meginþemu	23
Tungumálið	24
Þjónusta	26
Atvinna og menntun	27
Félagsleg þátttaka	28
Mismunun	30
Lýðræðisþátttaka	31

SAMANTEKT

HEIMILDIR

32
33

AÐFERÐ

Rannsóknin byggir á blandaðri aðferð (e. *mixed-methods*) þar sem eigindlegum og megindlegum aðferðum var beitt samhliða til að varpa ljósi á samþættingu og félagslega þátttöku innflytjenda í Norðurþingi. Markmiðið var að greina bæði upplifun og reynslu einstaklinga og jafnframt draga fram mælanleg mynstur sem geta nýst við stefnumótun og þróun þjónustu.

Fræðilegur rammi rannsóknarinnar byggir meðal annars á samþættingarlíkani Ager & Strang (2008), þar sem lögð er áhersla á lykilsvið samþættingar á borð við atvinnu, menntun, heilbrigði, félagsleg tengsl, réttindi, pólitíska þátttöku og tungumálafærni. Jafnframt var stuðst við hugmyndir Penninx & Garcés-Mascareñas (2016) um samþættingu sem bæði greiningarhugtak og stefnumótandi viðfangsefni. Við mótun spurninga um félagslega þátttöku og upplifun af samfélagslegri inngildingu var einnig litið til rannsókna Buckingham et al. (2018), auk rannsókna á lýðræðislegri þátttöku innflytjenda á Íslandi, svo sem hjá Eypórsson (2019). Þá var tekið mið af íslenskum rannsóknum á stöðu innflytjenda í dreifðari byggðum, m.a. hjá Ragnarsdóttur et al. (2020).

Kjarni gagnaöflunar fólst í hálfstöðluðum viðtölum sem gerðu rannsakendum kleift að fylgja fyrirfram skilgreindu umræðuefni en jafnframt gefa rými fyrir persónulegar frásagnir og dýpri innsýn í reynslu þátttakenda. Viðtalsramminn náði til málefna á borð við tungumálanám, stöðu á vinnumarkaði, aðgengi að þjónustu, félagsleg tengsl, upplifun af mismunun og þátttöku í nærsamfélaginu. Eigindleg greining byggði á þemagreiningu samkvæmt aðferð Braun & Clarke (2006), þar sem mynstur og þemu voru greind kerfisbundið í svörum þátttakenda.



Samhliða opnum spurningum voru lagðar fyrir staðlaðar spurningar sem gerðu rannsakendum kleift að safna megindegum gögnum um tungumálafærni, atvinnuþátttöku, aðgengi að þjónustu og lýðræðislega þátttöku. Þessi gögn voru greind með lýsandi tölfræði til að draga fram hlutföll og almenn mynstur í svörum. Um var að ræða tilgangsrúrtak (e. *purposeful sampling*) í anda Palinkas et al. (2015), með það að markmiði að ná fram fjölbreytni hvað varðar uppruna, aldur, lengd búsetu, fjölskyldustöðu og stöðu á vinnumarkaði. Með því móti var leitast við að tryggja að ólíkar raddir og reynsla kæmu fram. Niðurstöður úr megindegum spurningum lýsa samsetningu viðmælenda og gefa innsýn í niðurstöður viðtala en varast ber að draga of miklar ályktanir út frá þeim þar sem fjöldi svarenda var einungis þrjátíu. Sérstök áhersla var lögð á siðferðileg sjónarmið. Upplýst samþykki var fengið frá öllum þátttakendum og trúnaður tryggður með nafnleynd og öruggri meðferð gagna. Viðtölin voru tekin á íslensku, ensku og pólsku og boðið var upp á túlkajónustu, en hún var afþökkuð í öllum tilvikum. Með þessari nálgun var leitast við að skapa traust og öruggt rými fyrir umræðu um viðkvæm málefni á borð við mismunun, jaðarsetningu og upplifun af aðgengi að réttindum og þjónustu. Með því að samþætta eigindlega dýpt og megindeglega yfirsýn leitast rannsóknin við að veita heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á svæðinu.



HELSTU HUGTÖK

FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA

Félagsleg þátttaka vísar almennt til þess að einstaklingur taki þátt í athöfnum sem fela í sér samskipti eða gagnvirkni við aðra í samfélaginu eða nærumhverfinu. Þetta getur verið í gegnum formleg og óformleg samskipti, félagsstarf, áhugamál, samfélagsviðburði eða aðrar athafnir sem tengja fólk saman.

INNGILDING

Stefna sem felur í sér að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, á vinnumarkaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur.

FORDÓMAR

Óréttlát eða fordómafull meðferð á mismunandi hópum fólks, til dæmis vegna þjóðernis, aldurs, kyns eða fötlunar. Birtast í daglegum aðstæðum.

HVERSDAGSFORDÓMAR

Birtast í daglegum aðstæðum. Ríkjandi hópar hafa meiri völd og ómeðvitaðar venjur þeirra geta haft neikvæð áhrif á minnihlutahópa, oft án þess að nokkur geri sér grein fyrir því. Hversdagsfordómar vísa til rótgróinna og „sjálfsagðra“ starfshátta sem viðhalda mismunun, bæði í daglegri hegðun og í kerfum samfélagsins.

RANNSÓKNARSVÆÐI

Alls voru tekin 30 viðtöl við erlenda íbúa sem höfðu fasta búsetu í Norðurþingi á rannsóknartímabilinu. Viðmælendur voru búsettir í öllum þéttbýlis- og byggðakjörnum sveitarfélagsins, auk þess sem átta þeirra bjuggu í dreifbýli. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu frá 18. júní 2025 til 15. mars 2026. Viðtölin voru framkvæmd í samráði við viðmælendur og fóru þau að jafnaði fram á hlutlausum vettvangi, svo sem í fundarherbergjum eða á kaffihúsum, en í nokkrum tilvikum á heimilum viðmælenda.




UPPRUNI VIÐMÆLENDNA


Þátttakendur voru frá 19 löndum og flestir (77%) komu frá Evrópu. Um 13% viðmælenda voru frá Asíu og 10% frá Norður-Ameríku. Innan Evrópu voru flestir (39%) úr vesturhluta álfunnar. Þá komu 30% frá Austur-Evrópu, 17% frá Suður-Evrópu og 13% frá Norðurlöndunum.

Við val á þátttakendum var lögð áhersla á að ná fram fjölbreyttum hópi hvað varðar uppruna, auk þess sem leitast var við að samsetning hópsins væri í sem bestu samræmi við raunverulega dreifingu í sveitarfélaginu.

UPPRUNI ÞÁTTTAKENDA



SKIPTING INNAN EVRÓPU (73%)




ALDUR OG BÚSETULENGD


Meðalaldur þátttakenda var 40,3 ár og miðgildi aldurs 40 ár. Aldurssamsetning hópsins bendir til þess að um sé að ræða einstaklinga sem eru virkir eða gætu verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði og í samfélaginu. Meirihluti þátttakenda var kvenkyns, eða 59% og 41% voru karlkyns.

Meðalbúsetutími þátttakenda á Íslandi var 11,4 ár og miðgildi 8,5 ár. Dreifing búsetulengdar var allt frá hálfu ári upp í 30 ár sem gefur til kynna að stór hluti hópsins hafi víðtæka reynslu af búsetu og þátttöku í samfélaginu.

ALDURSSKIPTING




LENGD BÚSETU Á ÍSLANDI



HEIMILISAÐSTÆÐUR

Heimilisaðstæður þátttakenda voru fjölbreyttar. Meirihlutinn (63%) bjó með maka og var ýmist barnlaus eða með uppkomin börn. Um fimmtungur (20%) bjó með maka og börnum, 10% bjuggu ein og 7% við annars konar aðstæður.

Niðurstöðurnar benda til þess að flestir þátttakendur deili heimili með öðrum, þó nokkrir búi einir eða við aðrar aðstæður. Heimilisaðstæður geta haft áhrif á félagslega stöðu innflytjenda, tengslamyndun og upplifun af þátttöku í samfélaginu.




MENNTUN OG ATVINNA

Lögð var sérstök áhersla á að greina menntunarstig viðmælenda og hvort núverandi starf þeirra samræmdest menntuninni. Erfiðlega gekk að ná til einstaklinga með lægra menntunarstig og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var árangur takmarkaður. Af þeim sökum var menntunarstig úrtaksins fremur hátt, sem kann að hafa áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

Alls voru 10% þátttakenda með doktorsgráðu, 40% með meistaragráðu og 17% með bachelorgráðu, eða samtals 67% með háskólamenntun. Að auki höfðu 10% lokið iðnnámi, 20% framhaldsskólanámi og 3% höfðu önnur starfsréttindi.

HÆSTA MENNTUNARSTIG




ATVINNUSTAÐA


Langflestir þátttakendur voru virkir á vinnumarkaði þegar viðtölin fóru fram. Alls voru 80% í fullu starfi og 10% í hlutastarfi. Um 7% voru atvinnulausir og 3% utan vinnumarkaðar. Enginn viðmælenda sagðist vera í tímabundnu starfi.

Eins og áður hefur komið fram var menntunarstig viðmælenda hátt. Rúmur helmingur þeirra sem voru á vinnumarkaði starfaði annað hvort ekki eða aðeins að hluta til í samræmi við menntun sína. Slík staða getur haft áhrif á starfsánægju, tekjumöguleika og langtímaaðlögun að samfélaginu.

ATVINNUSTAÐA



ER STARFIÐ Í SAMRÆMI VIÐ MENNTUN




FÉLAGSSTARF

Þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir tækju þátt í félagsstarfi. Um 27% sögðust oft taka þátt, 33% stundum, 37% sögðust sjaldan taka þátt og 3% aldrei.


Þeir sem sögðust taka sjaldan eða stundum þátt voru beðnir að tilgreina helstu ástæður þess að þátttaka væri ekki meiri. Algengasta ástæðan var áhugaleysi, sem 50% nefndu. Tungumálhindranir voru næstalgengasta ástæðan eða 22%, og 17% nefndu skort á tækifærum. Aðrir nefndu skort á upplýsingum (11%), tímaleysi (6%) og 6% sögðu sig vanta félagsskap.

Niðurstöðurnar benda þannig til þess að helstu hindranir tengist bæði einstaklingsbundnum þáttum og ytri aðstæðum.

HVERSU OFT TEKUR ÞÚ ÞÁTT Í FÉLAGSSTARFI



HVERJAR ERU HELSTU ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ ÞÚ TEKUR EKKI ÞÁTT




ÍSLENSKUKENNSLA

Meirihluti viðmælenda (87%), hafði sótt íslenskunámskeið eftir að þeir settust að á Íslandi. Þegar spurt var um ánægju með námið reyndust viðhorfin almennt jákvæð. Um 23% lýstu yfir mikilli ánægju og 54% sögðust vera ánægð, sem þýðir að alls 77% þeirra sem tóku afstöðu voru ánægð eða mjög ánægð með námskeiðin.


Aftur á móti sögðust 15% vera óánægð, en enginn viðmælandi var mjög óánægður. Um 8% voru hvorki ánægð né óánægð. Niðurstöðurnar benda því til þess að íslenskunámið hafi reynst flestum vel, svigrúm sé til úrbóta til að mæta betur ólíkum þörfum þátttakenda.

Meðal ástæðna fyrir óánægju með námskeiðin var að of mikil áhersla væri á málfræði og að það hefði mátt vera meiri áhersla á að þjálfá talað mál.

HEFUR ÞÚ TEKIÐ ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ?



ÁNÆGJA MEÐ ÍSLENSKUKENNSLUNA



SJÁLFSTRAUST TENGT ÍSLENSKU

Viðmælendur voru beðnir að meta sjálfstraust sitt í íslensku á fjórum sviðum; skilningi, lestri, ritun og talmáli. Við úrvinnslu var reiknað meðaltalsskor þar sem 1 táknaði ekkert sjálfstraust og 5 mjög mikið sjálfstraust. Niðurstöðurnar benda til þess að þátttakendur upplifi almennt nokkuð gott sjálfstraust í skilningi en minna þegar kemur að tjáningu, einkum í ritun.

Hæsta meðaltal mældist í lestri (3,8), sem gefur til kynna að flestir telji sig ráða vel við ritað mál. Sjálfstraust í skilningi á töluðu máli var svipað (3,7), sem bendir til þess að þátttakendur geti fylgst með samtölum og upplýsingum á íslensku með nokkru öryggi. Líkt og búast mátti við jókst sjálfstraust í takt við lengri búsetu.

MAT VIÐMÆLENDNA Á SJÁLFSTRAUSTI Á SKALANUM 1-5



Sjálfstraust í talmáli mældist 3,3 og var því nokkuð lægra en í skilningi og lestri. Lægsta meðaltalið var í ritun, 3,0, sem bendir til þess að skrifleg tjáning á íslensku sé sá þáttur sem flestir upplifðu sem mest krefjandi.


Heildarmyndin sýnir að viðmælendur mátu sjálfstraust sitt í íslensku almennt þokkalegt, en að munur var á milli færniþátta. Virk tjáning, einkum ritun, virtist veikasti hlekkurinn, á meðan móttaka og skilningur gengu betur.

UPPLÝSINGAR

Þátttakendur voru spurðir á hvaða tungumáli þeir kysu helst að fá upplýsingar frá samfélaginu um þjónustu og viðburði. Niðurstöðurnar bentu til þess að meirihlutinn (54%) vildi fá slíkar upplýsingar á íslensku, en 21% kusu að fá þær á ensku. Þá sögðust 4% helst vilja fá upplýsingar á sínu móðurmáli, en jafn stór hópur, 21%, taldi tungumálið ekki skipta máli.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að þörf sé fyrir fjölbreytta miðlun upplýsinga, þar sem bæði íslenska og enska gegna mikilvægu hlutverki. Einnig þarf að taka tillit til þeirra sem kjósa að fá upplýsingar á móðurmáli sínu eða eru sveigjanlegir varðandi tungumálaval.

FINNST ÞÉR BEST AÐ FÁ UPPLÝSINGAR FRÁ SAMFÉLAGINU UM ÞJÓNUSTU OG VIÐBURÐI Á ÍSLENSKU, MÓÐURMÁLI, ENSKU EÐA ÖÐRU TUNGUMÁLI




MISMUNUN Í SAMFÉLAGINU

Meirihluti viðmælenda (55%) greindi frá því að hafa upplifað mismunun í sveitarfélaginu. Þegar þeir voru spurðir nánar um aðstæður þar sem mismunun hefði helst komið fram, nefndu 63% þeirra sem svöruðu að hún tengdist vinnustað eða atvinnu. Um 56% bentu á félagsleg samskipti, 31% á aðgengi að þjónustu og 6% nefndu hversdagsfordóma. Með hversdagsfordómum er átt við hegðun í daglegum aðstæðum sem getur verið rótgróin í samfélaginu og á sér oft stað án þess að viðkomandi geri sér endilega grein fyrir henni.


Niðurstöðurnar benda til þess að mismunun geti komið fram á fjölbreyttum sviðum daglegs lífs, bæði í formlegu samhengi, svo sem á vinnumarkaði og í tengslum við þjónustu, og í óformlegum aðstæðum í félagslegum samskiptum. Sérstaklega vekur athygli hversu stór hluti þátttakenda tengdi upplifun sína við atvinnu og félagsleg tengsl, sem eru lykilþættir í aðlögun, vellíðan og virkri samfélagsþátttöku.

Niðurstöðurnar benda því til mikilvægi þess að vinna markvisst gegn mismunun, bæði innan vinnumarkaðarins og í samfélagslegum samskiptum almennt, með áherslu á fræðslu, vitundarvakningu og skýrar leiðir til að bregðast við slíkri reynslu.

HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ MISMUNUN Í SAMFÉLAGINU



Í HVADA SAMHENGÍ ÁTTI SÚ MISMUNUN SÉR STAÐ?




KOSNINGAR OG ÁHRIF

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir upplifðu að rödd þeirra væri tekin með í reikninginn af sveitarfélaginu og nærsamfélaginu þegar kæmi að ákvörðunum sem snerta þá sérstaklega. Aðeins 22% töldu að svo væri og 48% að það ætti við að einhverju leyti. Hins vegar sögðu 26% að rödd þeirra væri ekki tekin til greina og 4% voru óviss um það.


Þegar litið var til þátttöku í sveitarstjórnarkosningum eða öðrum lýðræðislegum ferlum kom fram að 40% höfðu tekið þátt, en meirihluti (60%) ekki.

Niðurstöðurnar benda til þess að margir upplifi takmarkaðan áhrifamátt í eigin nærumhverfi. Þótt hluti þátttakenda upplifði áheyrn er hlutfall þeirra sem upplifa litla eða enga rödd tiltölulega hátt. Þetta endurspeglast einnig í fremur lítilli þátttöku í formlegum lýðræðisferlum. Samanlagt gefur þetta til kynna að tækifæri séu til að efla þátttöku og styrkja tengsl milli íbúa og stjórnvalda, til dæmis með aukinni upplýsingagjöf, aðgengilegri samráðsleiðum og markvissum aðgerðum til að virkja fleiri til þátttöku.

TELUR ÞÚ AÐ RÖDD ÞÍN SÉ TEKIN TIL GREINA AF SVEITARFÉLAGINU OG NÆRSAMFÉLAGINU ÞEGAR KEMUR AÐ ÁKVÖRÐUNUM SEM VARÐA ÞIG SÉRSTAKLEGA?



HEFUR ÞÚ TEKID ÞÁTT Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM Eða ÖÐRUM LÝÐRÆÐISLEGUM ÁKVARÐANA FERLUM Í SVEITARFÉLAGINU?




Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu að innflytjendur ættu sér málsvara eða fulltrúa í sveitarstjórn. Enginn svaraði því afdráttarlaust játandi, en 13% töldu svo vera að einhverju leyti. Meirihluti (80%) taldi sig ekki eiga sér slíka fulltrúa og 7% sögðust ekki vera vissir.

Þessar niðurstöður benda til þess að skýr meirihluti viðmælenda upplifi skort á fulltrúum innflytjenda innan sveitarstjórnar. Slík upplifun getur haft áhrif á traust til stjórnkerfisins og dregið úr tilfinningu fyrir að tilheyra og hafa raunveruleg áhrif í nærsamfélaginu.


Þrátt fyrir þetta var afstaða til þátttöku í komandi sveitarstjórnarkosningum jákvæðari. Alls sögðust 87% ætla að kjósa, 3% neituðu því og 10% voru óákveðin.

Þessi munur, annars vegar skortur á trú á málsvörum innan sveitarstjórnar og hins vegar mikill vilji til kosningaþátttöku, bendir til þess að áhugi á lýðræðislegri þátttöku sé engu að síður til staðar. Þetta má túlka sem tækifæri fyrir sveitarfélagið til að efla samtal, auka sýnileika og styrkja raunverulega aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku.

UPPLIFIR ÞÚ AÐ INNFLYTJENDUR EIGI SÉR MÁLSVARA OG FULLTRÚA Í SVEITARSTJÓRN?



ÆTLAR ÞÚ AÐ KJÓSA Í NÆSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM?




Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu sig fá nægar upplýsingar um staðbundin málefni og stjórnsýsluferli. Aðeins 17% töldu svo vera, 45% sögðu það eiga við að einhverju leyti og 34% töldu sig ekki fá nægar upplýsingar. Þá sögðust 3% ekki vera viss.

Niðurstöðurnar benda til þess að umtalsverður hluti viðmælenda upplifi skort á skýrum og aðgengilegum upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins og ákvarðanatökuferli. Slíkt getur haft áhrif á þátttöku, traust og möguleika íbúa til að fylgjast með og hafa áhrif á málefni sem þá varða.


Þegar spurt var hvort viðkomandi myndi íhuga að bjóða sig fram í næstu sveitarstjórnarkosningum, ef slíkt tækifæri byðist, sögðust 10% myndu gera það, 37% töldu það mögulegt en 53% sögðu nei.

Þessar niðurstöður sýna að þrátt fyrir að meirihluti útiloki framboð er engu að síður umtalsverður hópur, tæpur helmingur, sem annað hvort er tilbúinn eða opinn fyrir því að íhuga slíka þátttöku.

FINNST ÞÉR AÐ ÞÚ FÁIR NÆGAR UPPLÝSINGAR UM STAÐBUNDIN MÁLEFNI OG STJÓRNSÝSLUFERLI



MYNDIR ÞÚ ÍHUGA AÐ BJÓÐA ÞIG FRAM Í NÆSTU SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM EF TÆKIFÆRI TIL ÞESS BYÐIST?




TENGING VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir upplifðu tengingu við nærsamfélagið. Um 60% svöruðu játandi, 30% töldu sig finna fyrir tengingu að einhverju leyti og 10% sögðust ekki upplifa slíka tengingu.


Þeir sem svöruðu „já“ eða „að einhverju leyti“ voru jafnframt beðnir að tilgreina hvar þessi tengsl væru helst til staðar. Af þeim sem svöruðu sögðu flestir (61%) að tengslin mynduðust í gegnum samstarfsfólk sem undirstrikar mikilvægi vinnustaðarins sem félagslegs vettvangs. Þá nefndu 39% tengsl við aðra innflytjendur og 18% tengsl í gegnum íþróttastarf. Jafnframt vísuðu 11% til félagsstarfs og jafnstór hluti til fjölskyldutengsla.

Alls nefndu 21% að tengsl þeirra byggðust á öðrum þáttum en þeim sem sérstaklega voru taldir upp svo sem trúfélagi, bændasamfélagi eða tengslum í gegnum skólastarf. Niðurstöðurnar benda til að félagsleg tenging geti orðið til með fjölbreyttum og oft óformlegum hætti.

FINNUR ÞÚ FYRIR TENGINGU VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ



ERU EINHVERJIR SÉRSTAKIR HÓPAR SEM ÞÚ FINNUR TENGL VIÐ Í SAMFÉLAGINU




AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU

Viðmælendur voru beðnir að segja frá reynslu sinni af aðgengi að helstu þjónustu í sveitarfélaginu svo sem heilbrigðisþjónustu, menntun, félagsþjónustu og atvinnutengdri þjónustu. Einnig var kannað hvort þeir hefðu orðið varir við hindranir eða áskoranir, hvað hefði reynst þeim sérstaklega gagnlegt og hvort upplifun þeirra af þjónustunni hefði breyst frá því þeir fluttu á svæðið.

Niðurstöðurnar sýna að flestir töldu aðgengi að lykilþjónustu fremur gott. Heilbrigðisþjónusta fékk hæsta matið, 75% töldu aðgengið gott en 25% ekki. Aðgengi að menntun var metið gott af 69% þátttakenda, á meðan 27% töldu það ekki nægjanlegt og 4% voru ekki viss. Hvað félagsþjónustu varðar töldu 57% aðgengið gott, 24% ekki og 19% sögðust ekki vita það. Þá töldu 71% að aðgengi að atvinnutengdri þjónustu væri gott, en 25% ekki og 4% voru óviss.

Í heild benda niðurstöðurnar til þess að aðgengi að opinberri þjónustu sé almennt þokkalegt á svæðinu. Athygli vekur að hluti viðmælenda þekkti ekki til félagsþjónustu, sem getur bæði bent til skorts á upplýsingagjöf og þess að viðkomandi hafi einfaldlega ekki haft þörf fyrir þjónustuna og því ekki kynnt sér hana sérstaklega. Niðurstöðurnar gefa tilefni til að skoða nánar hvaða hindranir eru í veginum hjá þeim sem meta aðgengi lakara, og hvernig megi tryggja að upplýsingar um þjónustu séu aðgengilegar þeim sem þurfa á henni að halda.

TELURÐU ÞIG HAFNA GREIÐAN AÐGANG AÐ EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTUÞÁTTUM



GÆÐI ÞJÓNUSTU

Þegar viðmælendur voru beðnir um að leggja mat á gæði helstu þjónustupátta á kvarða frá 1 til 5 voru niðurstöðurnar almennt yfir miðgildi og benda til fremur jákvæðrar upplifunar. Niðurstöðurnar gefa til kynna að meirihluti þátttakenda upplifi þjónustuna sem aðgengilega og faglega en að enn séu ákveðin svið þar sem hægt sé að bæta upplifun og gæði.


Atvinnutengd þjónusta fékk hæstu meðaleinkunnina, 4,3, sem gefur til kynna að þátttakendur hafi almennt verið ánægðir með gæði þeirrar þjónustu.

Menntaþjónusta hlaut meðaleinkunnina 4,2 og virðist einnig njóta nokkurrar ánægju meðal viðmælenda. Heilbrigðisþjónusta fékk 3,9, sem er örlítið lægra, en samt sem áður yfir miðpunkti kvarðans og gæti bent til ákveðinna áskorana, til dæmis varðandi aðgengi, biðtíma eða samskipti.

Lægsta einkunnin var veitt félagsþjónustu, 3,8, sem þó er enn yfir miðju kvarðans.

Í heild sýna þessar niðurstöður að erlendir íbúar meta gæði þjónustunnar almennt jákvætt, en jafnframt að ákveðin tækifæri séu til staðar til að styrkja þjónustuna, sérstaklega með áherslu á samræmi, aðgengi og notendamiðaða nálgun milli þjónustukerfa.


GÆÐI ÞJÓNUSTU Á KVARÐANUM 1-5



EIGINDLEGAR NIÐURSTÖÐUR

Eigindleg greining viðtalanna byggði á þemagreiningu þar sem leitast var við að draga fram endurtekin mynstur í upplifun, viðhorfum og reynslu þátttakenda. Greiningin leiddi í ljós nokkur meginstef sem varpa ljósi á aðlögunarferli, stöðu og upplifun innflytjenda í íslensku samfélagi. Þemun snúa einkum að tungumáli, aðgengi að þjónustu, stöðu á vinnumarkaði, félagslegum tengslum, búsetulengd, tilfinningalegri vídd aðlögunar og upplifun af fordómum.

MEGIN ÞEMU



Niðurstöðurnar sýna að upplifun þátttakenda af búsetu og aðlögun mótast af samspili íslenskunáms, aðgengis að upplýsingum, upplifunar af opinberri þjónustu, stöðu á vinnumarkaði og félagslegra tengsla. Þótt margir lýsi jákvæðum viðhorfum og góðum móttökum kom ítrekað fram að formlegur aðgangur að þjónustu og réttindum tryggir ekki sjálfkrafa skilning, þátttöku eða tilfinningu um að tilheyra. Í gegnum öll þemun sést að tungumál og upplýsingar eru tengdir þættir sem hafa áhrif á flest önnur svið, sjálfstæði, samskipti, atvinnu, félagslíf og traust til kerfa.

TUNGUMÁLIÐ SEM LYKILÞÁTTUR Í AÐLÖGUN

Íslenskunám kom fram sem eitt mikilvægasta viðfangsefnið í viðtölunum. Þátttakendur lýstu því að íslenskukunnátta hefði bein áhrif á sjálfstæði, tengsl við samfélagið, stöðu á vinnumarkaði og upplifun af virðingu í samskiptum. Samt sem áður er leiðin að betri færni hvorki einföld né jafn aðgengileg fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að árangur í íslenskunámi mótast af samspili kennsluaðferða, gæðum kennslu, aðstæðum í daglegu lífi (vinnutíma, félagslegum tækifærum, fjölskylduaðstæðum) og viðhorfum umhverfisins til málnotkunar og málmistaka.

Sumir viðmælendur lýstu mjög jákvæðri reynslu af íslenskunámi og töldu það hafa hjálpað þeim bæði að læra tungumálið og að kynnast samfélaginu. Einn sagði að námið hafi „gengið mjög vel“ og að hann hafi lært mikið og kynnst samfélaginu. Í slíkum frásögnum birtist íslenskunám ekki aðeins sem tungumálakennsla heldur líka sem félagslegur vettvangur þar sem fólk fær að prófa sig áfram, mynda tengsl og öðlast meira öryggi í nýju umhverfi.

Ítrekað kom fram að stuðningur í nærumhverfi gæti aukið líkur á árangri. Það að eiga íslenskan maka eða sterkt íslenskt tengslanet var nefnt sem þáttur sem „hjálpaði mikið“, bæði vegna þess að tækifæri til æfinga væru fleiri og vegna þess að viðkomandi fengi meiri félagslega endurgjöf og leiðréttingar í öruggu rými. Umburðarlyndi virðist draga úr pressu og auðvelda fólk að halda áfram að nota íslensku í daglegum samskiptum.

Á sama tíma er ljóst að ekki upplifðu allir íslenskunám sem árangursríkt. Sumir töldu að þeir hafi fengið litla aðstoð, lært lítið og að of lítil áhersla hafi verið lögð á talað mál. Þá komu einnig fram dæmi um að einstaklingur hafi keypt sér aðgang að íslenskunámskeiði áður en hann flutti til landsins en upplifað það sem lítið gagnlegt. Þessi fjölbreytni bendir til að „íslenskunám“ sé ekki einsleitt fyrirbæri heldur mjög misjafnt að innihaldi, gæðum og aðgengi og að samfélagslegar aðstæður ráði miklu um það hvort nám nýtist.

“ÚT AF ÞVÍ AÐ MAÐUR HEFUR ÞESSI TILFINNING, SKO FRÁ SAMFÉLAGIÐ, SKO AÐ ÍSLENSKT TUNGUMÁL ER BARA HLUTI AF SJÁLFSÍMYND ÍSLENDINGA OG ÞETTA AÐ ÍSLAND ER SVO SVAKALEGA NÝ ÞJÓÐ OG ÞJÓÐARSTOLT OG ÞJÓÐERNISKENND ERU SVAKALEGA STERK Í SAMFÉLAGINU. ÞANNIG AÐ JÁ, ENNÞÁ Í DAG - JAFNVEL SKO ÞEGAR ÉG SIT HÉRNA AÐ TALA BYRJA ÉG AÐ HUGSA, ER ÉG AÐ SEGJA ÞETTA RÉTT? ER ÉG MEÐ MIKIÐ AF VILLUM?”

“ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ AÐ ÉG TALA ÍSLENSKU ER BARA ÚT AF ÞVÍ AÐ ÉG ER MEÐ TENGDAFORELDRA SEM TALA EKKI NEITT NEMA ÍSLENSKU. ANNARS MYNDI ÉG NÚ BARA TALA ÆGILEGA LITLA ÍSLENSKU.”

„ÞAÐ FER ROSALEGA MIKIÐ EFTIR KENNARANUM. SUMIR EINBEITA SÉR AÐ ÞVÍ AÐ LÁTA MANN TALA, EN AÐRIR ERU MEIRA Í REGLUNUM OG MÁLFRÆÐINNI.“

TUNGUMÁLIÐ SEM LYKILPÁTTUR Í AÐLÖGUN

Eitt skýrasta mynstrið í frásögnum viðmælenda er spennan milli talmiðaðrar kennslu og málfræðimiðaðrar kennslu. Fyrsta stigi eða fyrstu námskeiðum var oft lýst sem jákvæðum. Þar byggist upp orðaforði, samskipti og tilfinning fyrir framförum. Einn viðmælandi tók fram að fyrsta námskeiðið hafi verið gott vegna þess að hann fékk „mikið af orðaforða“, það hafi verið gaman að hitta fólk og hann hafi byrjað að tala og skilja hvernig íslenska virkar.

Þegar komið er á hærra stig breytist upplifun sumra. Þá verður málfræði þungamiðjan og áhrifin geta orðið neikvæð. Fólk fer að hugsa of mikið um hvort það sé „rétt eða rangt“, verður óöruggara og hættir jafnvel að reyna að tala. Þessu er lýst skýrt í frásögn viðmælenda sem sagði að kennari hafi verið mjög áhugasamur um málfræði og að það hafi „komið í veg fyrir að hann lærði“ vegna þess að hann var stöðugt upptekinn af því hvernig hann talaði. Afleiðingin var minni virkni og tímabundin uppgjöf.

Þessi niðurstaða undirstrikar að kennsluáferðir geta haft bein áhrif á sjálfstraust. Þegar áhersla færast frá samskiptum yfir í „rétt málfar“ getur námið ómeðvitað sent skilaboð um að mistök séu alvarleg og þá verður tungumálið ekki lengur tæki til samskipta heldur próf sem fólk óttast að falla á. Í því ljósi virðist talmiðað nám, með áherslu á notkun og skilning, styðja við félagslega inngildingu, á meðan of sterk reglufesta getur aukið kvíða og dregið úr þátttöku.

Viðmælendur lýstu einnig að málnotkun væri ekki aðeins spurning um þekkingu heldur líka um aðstæður og tilfinningalegt ástand. Einn viðmælandi lýsti því að hann væri mjög afslappaður í samskiptum við fólk sem hann þekkti vel en yrði mun meðvitaðri í formlegum aðstæðum. Þar upplifði hann að ef hann vissi að hann væri að gera mistök væri „önnur spóla að renna alltaf með“, hann væri að hugsa um beyginguna á sama tíma og hann þyrfti að hugsa um innihaldið. Hann tengdi þetta við streitu og upplifði að hann talaði verri íslensku í þeim aðstæðum.

Í viðtölunum kom einnig fram gagnrýni á þá miklu áherslu sem lögð er á málfræði í íslenskukennslu. Einn viðmælandi sagði að íslenska væri skemmtilegt tungumál sem hann vildi læra og benti á að hann talaði sex önnur tungumál og hefði yfirleitt átt auðvelt með að tileinka sér þau. Hann taldi þó að kennsluáferðir í íslensku mættu vera markvissari og byggja meira á því hvernig tungumál lærast í raun. Í því samhengi nefndi hann að það ætti að nota áferðir þar sem áhersla væri lögð á að læra tungumál í gegnum notkun, hlustun og samskipti fremur en formlega málfræðikennslu. Hann benti á að ung börn tileinki sér tungumál og tali nokkuð „rétt“ án þess að hafa lært málfræðireglur formlega og taldi að of mikil áhersla á málfræði gæti gert tungumálanámið þyngra en þörf er á. Að hans mati ætti því að leggja meiri áherslu á notkun tungumálsins í samskiptum fremur en málfræði.

TUNGUMÁLID SEM LYKILPÁTTUR Í AÐLÖGUN

Þessi lýsing mannsins varpar ljósi á að málfærni er samofin félagslegri stöðu og ótta við mat annarra. Formlegar aðstæður virðast kalla fram meiri sjálfsgagnrýni og geta þannig dregið úr frammistöðu. Öruggt rými, þar sem ekki er verið að einblína á mistök, getur verið lykilatriði í því að fólk þori að tala, sérstaklega í aðstæðum þar sem það upplifir sig metið af öðrum.

Mörg dæmi í viðtölunum bentu til að þátttakendur ættu auðveldara með að skilja ritað mál en talað. Það kom fram að sumir gátu lesið íslensku tiltölulega vel en ættu erfiðara með að skilja talað mál. Aðrir nefndu sérstaklega framburð sem helstu áskorunina. Þetta ójafnvægi birtist líka í því hvernig fólk lærir í daglegu lífi. Tölvupóstur, skilaboð frá skóla barna, auglýsingar og ritaðar upplýsingar hjálpuðu til við að byggja upp skilning, en hlustun og samtöl reyndust erfiðari.

„ÞEGAR MANNESKJA HLÓ AÐ MÉR FYRIR FRAMAN AÐRA ÞEGAR ÉG TALAÐI ÍSLENSKU, HÆTTI ÉG AÐ TALA VIÐ HANA. ÞÁ FANN ÉG AÐ ÞETTA VAR EKKI ÖRUGGUR STAÐUR TIL AÐ GERA MISTÖK.“

Þessi niðurstaða bendir til að íslenskunám sem leggur megináherslu á lestur, ritun eða málfræðireglur, leiði ekki til þess árangurs sem flestir vilja stefna að í sínu tungumálanámi, það er að skilja talað mál og geta tjáð sig munnlega. Skortur á þeirri hæfni er það sem flestir töldu mestu hindrunina í daglegu lífi. Þar með styrkist enn frekar sú niðurstaða að talmiðaðar æfingar, hlustun og framburður þurfi að vera í forgrunni, sérstaklega ef markmiðið er samfélagsleg þátttaka.

Eitt endurtekið mynstur í viðtölunum var að Íslendingar virðast skipta fljótt yfir í ensku, sérstaklega ungt fólk. Þessu var lýst sem stórrí hindrun í talþjálfun því það dregur úr tækifærum til æfinga. Þótt enska geti auðveldað samskipti tímabundið þá upplifðu viðmælendur að það væri „mjög erfitt að fá fólk til að tala íslensku. Fyrir suma hafði þetta einnig tilfinningaleg áhrif: Þegar skipt er yfir í ensku getur það staðfest óöryggi og skapað þá upplifun að viðkomandi sé „ekki nógu góður“ í íslensku.

„ÞEGAR ÉG ÞARF AÐ ERINDAST FYRIR SUNNAN OG FÓLK SÉR NAFNIÐ MITT, ÞÁ FER ÞAÐ STRAX AÐ TALA ENSKU. ÉG SEGI AÐ ÞAÐ MEGI TALA ÍSLENSKU, EN ÞAÐ HELDUR SAMT ÁFRAM Á ENSKU.“

TUNGUMÁLIÐ - AÐGENGI AÐ NÁMI

Þetta tengist beint hugmyndum þátttakenda um að samfélagið þurfi að bera ábyrgð með nýbúum. Að aðlögun sé ekki bara verkefni innflytjenda heldur einnig verkefni móttökusamfélagsins. Nokkrir sögðu að það myndi hjálpa ef heimamenn sýndu meiri þolinmæði í að halda samtölum á íslensku.

Viðmælendur nefndu ýmsar hindranir sem tengdust aðgengi að íslenskunámi. Ein algengasta hindrunin var tímasetning námskeiða samhliða vinnu. A.m.k. einn gat ekki klárað námskeið vegna skörunar vinnutíma og námskeiðstíma. Þetta sýnir að jafnvel þegar námskeið eru til staðar getur raunhæft aðgengi verið lítið, sérstaklega fyrir fólk í vaktavinnu eða störfum með ófyrirsjáanlegum vinnutíma.

Einnig kemur fram að framboð námskeiða sé oft mest á grunnstigi og að úrræði vanti fyrir lengra komna. Einn lýsti „stóru stökki“ frá því að skilja grunnorðaförða íslensku yfir í „rétt málfar“ og sagði erfitt að finna námskeið fyrir þann hóp. Þetta skapi ákveðna stöðnun: fólk komist á ákveðið stig en finni síðan ekki leiðir til að komast lengra.

Einnig var nefnt að kostnaður gæti verið hindrun. Ánægja var með endurgreiðslur stéttarfélaganna þar sem það á við en þær greiðslur ná einungis til þeirra sem greiða í stéttarfélögin, sem á alls ekki við um alla sem vilja sækja íslenskunámskeið. Þannig verða tækifæri til náms ójöfn.

TUNGUMÁLIÐ - LYKILLINN AÐ INNGILDINGU

Margir lýstu kunnáttu í íslensku sem lykilatriði þess að búa á Íslandi og tengdu hana við virðingu, sjálfstæði og þátttöku. Í einni frásögn var það að nota íslensku sett fram sem siðferðileg og félagsleg skylda til að sýna staðnum og fólkinu virðingu jafnvel þótt enska dugi oft. Hjá öðrum var áherslan meira á hagnýta þætti þar sem fram kom að án íslensku væri erfiðara að fá upplýsingar og að taka þátt í viðburðum. Jafnframt væri erfiðara að ná til fólks og fá áheyrn.

Samhliða þessu lýstu sumir því að tungumálaskortur setti þá á jaðarinn. Einn viðmælandi, sem talar ekki tungumálið, sagði það takmarka þátttöku hans í samfélaginu og að það sem vægi þyngst væri ekki tungumálið sjálft heldur óttinn við mistök, viðbrögð annarra og skortur á þolinmæði. Einnig komu fram vísbendingar um kerfisbundna hindrun því margir innflytjendur vinna með öðrum innflytjendum og hafa því færri tækifæri til að æfa íslensku í vinnunni. Þannig getur vinnuumhverfið bæði verið stuðningur og hindrun.

Einn viðmælandi kom þó með annað sjónarhorn: *“Við megum ekki setja fólk sem talar íslensku sjálfkrafa í forgang eða gefa því forskot, því tungumál eitt og sér sé ekki mælikvarði á verðmæti eða framlag einstaklingsins.”* Þetta sjónarmið getur bent til spennu í umræðunni. Annars vegar er íslenskan tengd inngildingu og tilheyrandi tilfinningu, hins vegar getur of mikil áhersla á íslensku (sem „inngönguskilyrði“) skapað útilokun.

ÞJÓNUSTA OG AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM

Margir lýstu fyrstu mánuðunum í samfélaginu sem tímabili ruglings og skorts á leiðsögn. Upplýsingar voru sagðar dreifðar, oft aðeins á íslensku og erfitt að átta sig á réttri leið. Tvær tilvitnanir lýsa þessu beint:

„ÉG VISSI EKKI HVERT ÉG ÁTTI AÐ FARA. ÉG ÞURFTI BARA AÐ SPYRJA FÓLK SEM ÉG ÞEKKTI.“

“ÞAÐ ER ALLT Á ÍSLENSKU. EF ÞÚ SKILUR EKKI TUNGUMÁLIÐ, ÞÁ SKILURÐU EKKI KERFIÐ.“

Þar með var félagslegt tengslanet orðið að lykilatriði í upplýsingaleit. Fólk valdi að leita til Íslendinga sem það þekkti, samstarfsfólks, eða annarra innflytjenda. Þá var líka áberandi að margir leituðu stuðnings og ráða hjá samlöndum sínum frekar en að leita í formlega upplýsingagjöf. Í sumum tilvikum var valið að hringja frekar en að leita á vefsíðum, þar sem vefupplýsingar voru taldar óskýrari og erfiðari. Sumir nýttu þýðingartól (t.d. netspjall/þýðingar) til að skilja samskipti og texta.

Sérstök gagnrýni sneri að tvítyngdum vefjum til dæmis síður stéttarféлага og annarri þjónustu. Enska útgáfan þótti oft mjög stutt og yfirborðskennnd miðað við ítarlega íslenska útgáfu, sem gerði það að verkum að fólk taldi sig oft „illa upplýst“ á ensku.

OPINBER ÞJÓNUSTA

Viðhorf til opinberrar þjónustu voru tvíþætt. Margir lýstu starfsfólki sem vingjarnlegu og hjálpsömu, en nefndu jafnframt flækjustig í kerfinu og langan biðtíma.

„FÓLKIÐ ER MJÖG GOTT. EN KERFIÐ ER FLÓKIÐ.“

Tungumálaörðugleikar og skortur á túlkþjónustu voru sérstaklega nefnd sem hindranir í heilbrigðisþjónustu og skóla. Þetta gat haft í för með sér að fólk samþykkti hluti án þess að skilja þá til fulls:

„ÉG SKIL STUNDUM EKKI ALLT SEM ER SAGT. ÉG SEGI BARA JÁ, EN SVO VEIT ÉG EKKI ALVEG HVAÐ ÉG SAMÞYKTI.“

Í nokkrum frásögnum kom fram að þjónusta sveitarfélagsins væri hæg og að fólk upplifði skort á persónulegum leiðbeiningum. Sumir lýstu því að kynning hafi átt sér stað (t.d. frá fjölmeningarfulltrúa) en að síðan hafi lítið heyrst og óvissa ríkti um hlutverk eða tilvist viðkomandi starfs. Aðrir tengdu fjölmeningarfulltrúa frekar við menningarviðburði en upplýsingamiðlun og sögðu fólk frekar leita til verkálýðsfélaga til að fá leiðsögn.

Þá kom skýrt fram að persónuleg samskipti og „einn hjálpsamur einstaklingur“ gæti skipt sköpum, en að það væri háð tilviljunum og einstaklingum frekar en skipulagi.

VERKALÝÐSFÉLAG: ÞAU HORFA Á HLUTINA SEM ÍSLENDINGAR, EKKI Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGI. ÞÁ MEINA ÉG AÐ ÞAÐ ÞURFI AÐ SKILJA STÖÐU ERLENDRA EINSTAKLINGA.

Fram kom að mörgum reyndist erfitt að fóta sig í heilbrigðiskerfinu. Þátttakendur lýstu óöryggi, streitu og vantrausti, meðal annars vegna þess að þeir hittu sífellt nýja lækna og þurftu að endurtaka sögu sína. Einn lýsti miklum vonbrigðum með upplifun sína af því að kerfið horfi frekar á einkenni en heildarmynd og að sjálfvirk skilaboð og upplýsingar séu oft eingöngu á íslensku sem auki streitu. Í nokkrum tilvikum völdu einstaklingar að sækja lækniþjónustu í sínu heimalandi, sérstaklega ef þeir töldu samskipti, skilning eða faglega nálgun þar betri. Þó kom fram að sumt á Íslandi reyndist betra (til dæmis hraðari ferli eftir greiningu í sumum tilfellum) en að aðgengi að sérfræðilæknum og heilsufarsskoðunum gæti verið erfitt.

Reynsla af stéttarfélögum var misjöfn. Sumir lýstu góðu aðgengi, sérstaklega þegar þjónusta var persónuleg (t.d. aðgengi á skrifstofu). Aðrir upplifðu að félögin hafi ekki verið hjálpleg þegar þurfti aðstoð (t.d. varðandi samninga) og að einstaklingar hafi þurft að finna út úr hlutunum sjálfir. Þá kom fram gagnrýni á fræðslu og upplýsingagjöf, að það vantaði skýrari leiðbeiningar um kjarasamninga, betri kynningu og meira framboð af upplýsingabæklingum.

Í sumum frásögnum kom fram tilfinning um að viðhorf innan kerfa væru of „Ísland fyrst“ og að fólk af erlendum uppruna þyrfti að „sanna sig“ meira, sérstaklega í greinum eins og ferðaþjónustu þar sem menntun og reynsla nýtist ekki alltaf til framgangs.

ATVINNA - VIÐURKENNING MENNTUNAR OG EFNAHAGSLEGT ÖRYGGI

Atvinna reyndist einn af lykilþáttunum í upplifun þátttakenda af stöðu sinni, sjálfstæði og að tilheyra samfélaginu. Hún hafði ekki aðeins efnahagslegt gildi heldur einnig félagslegt og táknrænt gildi sem vettvangur tungumálanáms, tengslamyndunar og viðurkenningar.

Þeir sem höfðu fasta vinnu lýstu meiri stöðugleika og sterkari félagslegri tengingu. Vinnan var oft nefnd sem mikilvægasta aðlögunarleiðin.

„VINNAN HJÁLPAÐI MÉR MEST. ÞAR KYNNTIST ÉG FÓLKI OG LÆRÐI TUNGUMÁLIÐ.“

Í þessum frásögnum birtist vinnumarkaðurinn sem brú inn í samfélagið – staður þar sem einstaklingar byggja upp félagslegt net, læra óformlegar reglur samfélagsins og auka sjálfstraust. Í sumum tilfellum var ráðningarferlinu lýst sem skipulögðu og faglegu og viðurkenning starfsleyfa gekk hratt fyrir sig. Einn viðmælandi lýsti því að starfsleyfi hans hefði verið samþykkt á einum degi sem kom honum jákvætt á óvart. Slík reynsla styrkti trú á kerfinu og hafði jafnvel áhrif á ákvörðun um framtíðarbúsetu.

Tengslanet skipti þar einnig máli; starf fékkst í gegnum vin sem þekkti einhvern innan fyrirtækisins.

Samhliða jákvæðum dæmum komu fram skýrar vísbendingar um vanmat á menntun og færni. Nokkrir lýstu því að vinna störf langt undir menntun sinni:

Þessi upplifun hafði ekki aðeins efnahagsleg áhrif heldur einnig áhrif á sjálfsmynd og framtíðarsýn. Að vinna undir hæfni getur skapað tilfinningu um stöðnun og ósýnileika og sumir sögðust íhuga flutning ef tækifæri til framgangs bötunðu ekki.

Einnig komu fram dæmi um að formleg skilyrði útilokuðu fólk frá viðurkenningu, til dæmis menntaður kokkur frá heimalandi sem fékk ekki menntun sína metna þar sem hann hafði ekki íslenskt sveinspróf, þrátt fyrir faglega reynslu. Slíkt bendir til kerfislægra hindrana þar sem formlegur rammi er metinn umfram raunfærni og starfsreynslu.

Á móti komu einnig jákvæð dæmi þar sem viðurkenning menntunar gekk greiðlega, meðal annars með stuðningi frá atvinnurekanda. Í einu tilviki hafði það jafnvel áhrif á val viðkomandi á Ísland sem búsetuland að honum bauðst að starfa á ensku og fá faglega viðurkenningu.

Þessi andstæða sýnir að reynsla af mati á menntun er ekki einsleit heldur háð faggrein, stofnun og einstaklingsbundnum aðstæðum.

„ÉG ER MENNTUÐ, EN HÉR VINN ÉG Í STARFI SEM ÞARF ENGA MENNTUN.
ÞAÐ ER ERFITT.“

ATVINNA OG EFNAHAGSLEGT ÖRYGGI

Fjárhagsleg staða við komu til landsins hafði afgerandi áhrif á upplifun fyrstu ára. Einn viðmælandi lýsti stöðunni þannig:

„ÞEGAR VIÐ KOMUM HINGAÐ ÞÁ ÁTTI ÉG EKKERT, EKKERT Á BANKAREIKNINGI. ÞETTA ER MJÖG STÓRT VANDAMÁL FYRIR FÓLK SEM KEMUR HINGAÐ.“

Hann benti á að skattkerfið og takmarkað svigrúm til að vinna meira en hefðbundinn vinnutíma gæti gert nýju fólki erfitt fyrir að safna fjármagni og byggja upp öryggi. Þótt hann viðurkenndi mikilvægi skattkerfisins taldi hann að nýtt fólk þyrfti aðlögunartíma og meiri sveigjanleika til að koma undir sig fótunum.

Eitt skýrasta dæmið um kerfislæga hindrun tengdist bankakerfinu. Viðmælandi sem kom til landsins sem flóttamaður á sínum tíma lýsti því að bankinn hefði verið tregur til að veita lán vegna stöðu hans:

„ÞAÐ ER VANDAMÁL AÐ FÁ ÞJÓNUSTU Í BANKA, ÉG FÆ EKKI LÁN ÞVÍ ÞAÐ ER EINS OG BANKINN HALDI AÐ ÉG SÉ AÐ FARA. ÉG Á MITT EIGIÐ HÚSNÆÐI OG ER MEÐ REKSTUR, ÉG ER EKKI AÐ FARA.“

Þrátt fyrir að hann væri í rekstri upplifði hann vantraust sem tengdist uppruna hans frekar en raunverulegri stöðu. Þetta bendir til dulinnar mismununar í kerfinu þar sem forsendur lánshæfis kunna að vera litaðar af staðalmyndum um hreyfanleika eða tímabundna búsetu innflytjenda.

Á sama tíma sýnir saga hans mikinn félagslegan hreyfanleika. Hann kom með neikvæða innistæðu en nokkrum árum síðar var hann með eiginn rekstur og húsnæði. Sú þróun undirstrikar seiglu og frumkvæði en jafnframt að kerfislægar hindranir geta gert ferlið þyngra en ella.

Einn viðmælandi nefndi að skortur væri á skýrri leiðsögn um íslenskt regluverk, sérstaklega varðandi stofnun fyrirtækja og skattaumhverfi. Flækjustig kerfisins og tungumálhindranir gerðu það að verkum að einstaklingar þyrftu að treysta á óformlegt tengslanet fremur en formlega ráðgjöf. Þetta endurspeglar aftur mynstrið sem sést í öðrum þemum. Kerfi sem gera ráð fyrir sjálfstæðri upplýsingaleit geta verið útilokandi fyrir þá sem eru nýir í samfélaginu.

Viðurkenning menntunar og aðgengi að fjármálaþjónustu reynast sérstaklega mikilvægir þættir í efnahagslegu öryggi og framtíðarsýn. Þar sem menntun er ekki metin eða traust skortir getur það haft áhrif á sjálfsmynd, félagslega stöðu og vilja til langvarandi búsetu.

Heildarniðurstaðan bendir til að formleg þátttaka á vinnumarkaði nægi ekki ein og sér til fullrar inngildingar. Raunveruleg inngilding krefst viðurkenningar á hæfni, jafns aðgengis að þjónustu og skýrrar leiðsagnar um kerfið.

FÉLAGSLEG TENGL

Félagsleg tengsl voru mjög missterk. Sumir höfðu byggt upp öflugt tengslanet í gegnum vinnu, börn, félagsstarf eða áhugamál og upplifðu sig velkomna og „þekkt“ í samfélaginu. Aðrir lýstu félagslegri fjarlægð, að Íslendingar væru kurteisir en erfitt að komast inn í vinahópa, sérstaklega á minni stöðum þar sem hópar væru rótgrónir og tengsl byggðust á langri sameiginlegri sögu. Þetta birtist meðal annars í lýsingum á því hve erfitt væri að fá heimaboð og að félagslíf væri oftar bundið vinnutengdum viðburðum en persónulegum tengslum.

„MÉR FANNST MJÖG GOTT AÐ FARA Í KVENFÉLAGIÐ. ÞAR HEF ÉG HITT AÐRAR KONUR OG MÉR FINNST ÞETTA SKEMMTILEGT. Í GEGNUM STARFIÐ HEF ÉG LÆRT ÍSLENSKU OG KYNNST BETUR MENNINGUNNI, TIL DÆMIS MATARMENNINGU. ÉG ER Í NOKKRUM FÉLÖGUM OG ER ALMENNT MJÖG FÉLAGSLEGA VIRK.“

Sumir lýstu því að tengsl við aðra innflytjendur væri mikilvægur stuðningur (öryggi, skilningur, ráð) en að það gæti líka orðið til þess að samfélagið skiptist í tvo hópa, „Íslendinga og útlendinga“ sem ynnu sjaldan saman. Í viðtölunum kom fram bæði þörf fyrir sameiginlega samverustaði (til að spjalla, blanda geði, finna samfélag) og gagnrýni á nálganir sem ýta undir aðskilnað (t.d. „innflytjendur kynni eigin menningu“ sem aðskilur frekar en að blanda hópum).

„ÉG TEK EKKI MIKINN ÞÁTT Í VIÐBURÐUM ÞVÍ ÉG ÞEKKI Í RAUNINNI ENGAN. ÉG HEF EKKI MYNDAÐ NEIN TENGL VIÐ EINHVERN SEM VILL HITTAST, TIL DÆMIS FARA SAMAN Í KAFFI. ÉG SKIL EKKI ALVEG HVERNIG FÓLK TENGIST FÉLAGSLEGA HÉR OG ÞÍÐ YFIRLEITT EFTIR AÐ EINHVER ÞJÓÐI MÉR FREKAR EN AÐ TAKA SJÁLF FRUMKVÆÐIÐ.“

Áberandi var einnig að virk þátttaka getur aukið málfærni og tengingu. Þátttaka í kvenfélagi, sjálfbóðaliðastarfi og félagsstarfi var nefnd sem leið inn í menningu og samfélag. Samhliða því kom fram að geðheilsa innflytjenda gæti verið slæm, að einangrun væri raunveruleg hætta og að stuðningsþjónustu og rými fyrir samskipti skorti.

Í viðtölunum birtist jafnframt að aldur og aðstæður við komu gæti haft áhrif á hversu auðveldlega fólk kemst inn í félagslíf. Yngra fólk sem fer í skóla virðist oft hafa mun ríkari möguleika á að mynda tengsl við jafnaldra og byggja upp félagslegt net hraðar, bæði vegna daglegrar rúttínu og þess að skólaumhverfið skapar náttúruleg tækifæri til samskipta og þátttöku. Einn viðmælandi lýsti markvissum stuðningi í skólasamfélaginu. Á þriðja degi eftir að hann byrjaði í skólanum fékk hann skilaboð frá tengilið (einstaklingi í skólanum) sem bauð fram aðstoð ef hann þyrfti upplýsingar eða leiðsögn. Viðmælandinn nýtti sér það og upplifði að það hefði hjálpað „mjög mikið“, hann fékk reglulega upplýsingar, hvatningu og aðgengi að því sem var að gerast, svo sem viðburðum, hittingum og partyum. Þetta dæmi undirstrikar að skipulögð tenging inn í samfélag (tengiliður/leiðsögn og virkt boð inn í félagslíf) getur skipt sköpum fyrir inngildingu, sérstaklega þegar vettvangur eins og framhaldsskóli veitir bæði félagslegt rými og skýra farvegi inn í félagsleg tengsl.

MISMUNUN OG UPPLIFUN AF FORDÓMUM

Meirihluti viðmælenda lýsti almennt jákvæðum viðhorfum en nokkrir nefndu fordóma eða mismunun, oft í formi hversdagsfordóma (microaggressions) frekar en beinnar mismununar. Tungumál er hér aftur áberandi þáttur, að tala ekki „rétt“ geti leitt til stimplunar og vanmats. Einnig kom fram að þjóðerni gæti haft áhrif á viðmót. Einn benti á að Norðurlandabúar fái oft betri móttökur en aðrir.

„ÉG VANN EITT SUMAR VIÐ RANNSÓKNIR OG ER ENN AÐ VINNA VERKEFNI Í SAMSTARFI VIÐ ÞANN AÐILA EN ÉG FANN AÐ FÓLK HAFÐI EKKI ÁHUGA Á AÐ KYNNAST MÉR. FÓLK HEILSAÐI EN MÉR FANNST ÉG EKKI TILHEYRA HÓPNUM. FÓLKIÐ ER ALVEG VINALEGT EN HLEYPUR ÞÉR EKKI AÐ ÞVÍ. ÉG HELD AÐ ALLIR VINIR MÍNIR SEM ERU AF ERLENDUM UPPRUNA HAFI SÖMU SÖGU AÐ SEGJA. ÞETTA ERU HVERSDAGSFORDÓMAR (MICRO AGRESSION) . ÉG HEF ALDREI UPPLIFAÐ BEINA MISMUNUM HÉR.“

Einn viðmælandi lýsti reynslu sinni af því að þegar ókunnugt fólk sæi erlenda nafnið hans skipti það gjarnan yfir í ensku. Hann segðist þá biðja fólk um að tala íslensku en þrátt fyrir það héldi það áfram á ensku.

„ÉG HEF HITT MARGA ÚTLENDINGA SEM FÓRU FRÁ ÍSLANDI VEGNA ÞESS AÐ ÞEIM FANNST ÞEIR EINIR, JAFNVEL ÞÓTT ÞEIR HEFÐU REYNT MIKIÐ AÐ AÐLAGAST.“

Oft voru hversdagslegar athugasemdir nefndar, til dæmis um færni í íslensku, sem væru sjaldnast settar fram sem fordómar af hálfu þeirra sem þær segðu. Þær gætu þó haft áhrif á líðan og upplifun þeirra sem fyrir þeim yrðu. Nokkrir viðmælendur greindu jafnframt frá því að hafa orðið varir við mismunun af hálfu annarra innflytjenda af ólíkum uppruna.

Viðmælandinn greindi frá því að hann hefði orðið fyrir einelti á fyrri vinnustað og upplifað þar neikvæða og ófaglega framkomu. Hann taldi að yfirmann hefði skort færni í mannlegum samskiptum og sagðist einu sinni hafa bent honum á það. Þrátt fyrir erfiða reynslu sagðist hann hafa ákveðið að láta aðstæðurnar ekki brjóta sig niður heldur halda áfram. Hann hafi notið mikils stuðnings frá góðum vinum. Nú starfar hann á öðrum vinnustað þar sem honum líður vel og upplifir jákvæðara starfsumhverfi.

Sumir upplifðu mismunun á vinnumarkaði (tilfinningu um að Íslendingar gangi fyrir í stjórnunarstöðum) og að kvartanir væru illa liðnar. Viðmælandinn sagðist einnig upplifa að erlenda nafnið hefði áhrif á stöðu á vinnumarkaði. Hann taldi sig ekki komast í gegnum „fyrstu síu“ í umsóknum vegna nafnsins. Eftir að hann bætti við íslensku fornafni fór hann að fá boð í atvinnuviðtöl. Sú reynsla olli honum vonbrigðum þar sem honum fannst sem ferilskráin hefði ekki verið metin á eigin forsendum. Viðkomandi er með góða menntun og taldi sig ítrekað hafa verið vel metinn, jafnvel hæfasta umsækjandann, vegna þeirra starfa sem hann sótti um.

LÝÐRÆÐISÞÁTTAKA

Í viðtölunum kom fram að þekking á pólitískum réttindum innflytjenda væri misjöfn. Sumir vissu til að mynda ekki að þeir hefðu kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum. Einn viðmælandi nefndi sérstaklega að þegar hann flutti til landsins árið 2014 hefði hann ekki haft hugmynd um að hann mætti kjósa. Þetta bendir til þess að upplýsingar um borgaraleg réttindi berist ekki alltaf með skýrum hætti til nýrra íbúa.

Þá lýstu viðmælendur skorti á pólitískri rödd innflytjenda og upplifun af því að sjónarmið þeirra væru síður tekin alvarlega en sjónarmið Íslendinga. Einn orðaði það þannig að hann væri ekki viss um hvort rödd hans heyrðist og velti fyrir sér hvort undirliggjandi viðhorf væru til staðar um að skoðanir Íslendinga væru „alvarlegri“ einfaldlega vegna þjóðernis. Hann nefndi að hugsanlega væri litið svo á að innflytjendur hefðu ekki sama skilning á landinu og samfélaginu, sem gæti haft áhrif á vægi skoðana þeirra í opinberri umræðu.

Einnig komu fram gagnrýnin sjónarmið um hvernig innflytjendur birtast í pólitísku samhengi. Nokkrir töldu algengt að fólk af erlendum uppruna væri sett á framboðslista fyrst og fremst til að tryggja atkvæði, fremur en vegna raunverulegs vilja til að gefa því pólitískt vægi eða áhrif. Einn viðmælandi sagðist myndu leita að flokki sem setti málefni innflytjenda ofarlega á dagskrá og bætti við að „það er alltof algengt að fólk fái einstakling af erlendum uppruna á lista til að ná sér í atkvæði“. Annar lýsti því að honum hefði verið boðið sæti á lista en hann upplifði að tilgangurinn hefði fremur verið að ná til ákveðins kjósendahóps en að tryggja honum raunveruleg áhrif.

Sumir töldu að enginn pólitískur fulltrúi talaði raunverulega máli innflytjenda í sveitarstjórn. Samfélagið væri að þeirra mati fremur lokað og erlendar hugmyndir síður nýttar, þrátt fyrir að innflytjendur sæju oft hlutina með „ferskum augum“ og gætu lagt til umbætur. Á móti voru þó nefnd dæmi um einstaklinga sem gegndu mikilvægu hlutverki, svo sem fulltrúar innan stéttarféлага eða fjölmenningsfulltrúi, sem miðluðu milli íslensks samfélags og innflytjenda. Þeir væru þó ekki kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn og hefðu því takmarkað formlegt vald.

Viðhorf til þess hvort innflytjendur ættu að eiga sér sérstaka fulltrúa voru ekki einsleit. Sumir töldu eðlilegt og nauðsynlegt að hafa málsvara sem þekkti stöðu og reynslu innflytjenda. Aðrir litu svo á að „þetta væri ekki okkar land“ og að innflytjendur ættu því ekki endilega að gera kröfu um sérstaka fulltrúa. Þessi afstaða endurspeglar ólíkan skilning á tilheyra, réttindum og ábyrgð.

„MÉR VAR BOÐIÐ TIL AÐ VERA Á LISTANUM OG ÉG, ÞVÍ MIÐUR, GERÐI ÞAÐ. ÞAÐ VAR EKKI TIL AÐ ÉG KÆMIST Í SVEITARSTJÓRN HELDUR TIL AÐ FÁ ATKVÆÐI PÓLVERJA Í KOSNINGUM.“

SAMANTEKT

Heildarmyndin sýnir að tungumálafærni, aðgengi að upplýsingum og félagsleg tengsl eru lykilforsendur fyrir því að fólk upplifi sjálfstæði og raunverulega þátttöku í samfélaginu. Þeir sem ná tökum á íslensku eða fá sterk félagsleg tengsl upplifa aukið öryggi og tilheyrandi tilfinningar:

„ÞEGAR ÉG BYRJAÐI AÐ TALA ÍSLENSKU BREYTTIST ALLT. ÞÁ FANN ÉG AÐ ÉG TILHEYRÐI MEIRA.“

Á móti lýsa aðrir óöryggi og skömm tengdri málnotkun:

„ÉG ER ALLTAF HRÆDD UM AÐ SEGJA EITTHVAÐ VITLAUST. FÓLK SKIPTIR STUNDUM YFIR Í ENSKU OG ÞÁ LÍÐUR MÉR EINS OG ÉG SÉ EKKI NÓGU GÓÐ.“

Í heild benda niðurstöðurnar til þess að kerfi sem byggja á því að fólk „lesi sér til“ eða finni upplýsingar sjálfst geti verið útilokandi, sérstaklega þegar upplýsingar eru óaðgengilegar, einungis á íslensku eða ófullnægjandi þýddar. Persónuleg leiðsögn, mannleg samskipti og skýrar, hagnýtar upplýsingar (helst á fleiri tungumálum og með raunverulegu innihaldi, ekki málamynda þýðingu) virðast vera lykilatriði í því að styðja við aðlögun.

Að lokum endurtaka þátttakendur ráð sem tengist bæði einstaklingnum og samfélaginu, að fólk þurfi að þora að tala, gera mistök og byrja strax, en að það krefjist líka umburðarlyndis, þolinmæði og meðvitaðs stuðnings í daglegum samskiptum.

„EKKI VERA HRÆDDUR VIÐ AÐ GERA MISTÖK, LÆRÐU STRAX ÍSLENSKU. ENSKA ER EKKI NÓG.“



ÞEKKINGAR
NETIÐ